

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*19. apríl 2017*

### **Ágætu foreldrar/forráðamenn.**

Við vonum að þið hafið haft það gott í páskafríinu og náð að hlaða batteríin. Skólastarfið hófst af fullum krafti í gær þriðjudag og ber þar helst að nefna að hún Caitlin frá Landvernd kom í heimsókn í skólann til að afhenda okkur nýjan grænfána. Það er í fjórða skipti sem skólinn fær grænfánann sem viðurkenningu fyrir starf sitt að umhverfismálum en fáninn er afhentur á tveggja ára fresti.

### **Starfið framundan:**

#### **Paralestur**

Næstu þrjár vikurnar ætlum við að breyta fyrirkomulagi á yndislestri og prófa paralestur. Þá munu krakkarnir eignast “lestrarvin” og lesa þeir upphátt hvor fyrir annan. Búið er að para nemendur saman og verður lesið þrisvar í viku, á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 12. Ef þessi prufa reynist vel þá er möguleiki að þessu verði haldið áfram í einhverju formi á næsta skólaári.

Við viljum hvetja þá sem hafa aðgang að Hljóðbókasafni Íslands að nýta hann. Þar er að finna um 9000 titla á íslensku og 2000 titla á ensku. Safnið er frábært tæki til að auka orðaforða nemenda og áhuga á lestri. Allir þeir sem eru með lesblindugreiningu eiga rétt á aðgangi að safninu og er árgjaldið 2000 kr. Nánari upplýsingar um aðgang er að finna á <https://hbs.is/umsokn-um-adgang>

Í janúar voru lesferilspróf frá Menntamálastofnun tekin í notkun. Samkvæmt áætlunum verða þau lögð fyrir þrisvar á ári; í september, janúar og maí.

### **Stærðfræðikeppni 9. bekkjar**

Þriðjudaginn 25. apríl fer Inga Sara Eiríksdóttir í menntaskólann á Tröllskaga og tekur þar þátt í úrslitum stærðfræðikeppninnar hjá 9. bekkjum norðurlandi vestra en alls komust 15 keppendur áfram í keppninni.

### **Sólgarðadagurinn**

Fimmtudaginn 27. apríl verður Sólgarðadagurinn. Á þessum degi verða allir nemendur Grunnskólans austan Vatna samankomnir á Sólgörðum og takast þar á við verkefni tengd Grænfánavinnu. Foreldrar eru minntir á að klæða börnin sín eftir veðri því hluti af dagskránni er utandyra.

Eftirfarandi fatnaður er nauðsynlegur fyrir alla:

- Húfa eða buff
- Vettlingar
- Úlpa og hlífðarbuxur. Ef það skyldi fara að snjóa og frysta þá gæti verið hentugt að hafa með sér snjóbuxur eða fódraðan heilgalla.
- Skófatnaður sem hæfir veðri

Gott er að fylgjast með veðurspánni daginn áður og takið tillit til veðurs þegar þið búið ykkur að morgni dags. Það er alltaf auðveldara viðureignar að verða of heitt heldur en kalt!

### **Sumardagurinn fyrsti og mánudagurinn 1. maí - frídagar**

Á morgun fimmtudag 20. apríl er sumardagurinn fyrsti og er það frídagur í skólanum og bent er á að mánudagurinn 1. maí er einnig frídagur.